



40. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar  
Fimmtudaginn 29. nóvember 2007, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2008.
  2. Fundargerðir
    - a. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. nóvember 2007
    - b. Menningarráðs Norðurlands vestra 19. nóvember 2007
    - c. Aðalfundar Brunavarna A-Hún 22. nóvember 2007
  3. Guðmundur Haraldsson v/Árbakkans - kynning
  4. Aukaaðalfundur Vilko sem haldinn verður 17. desember 2007
  5. Bréf frá iðnaðarráðuneyti vegna 3 fasa rafmagns
  6. Bréf frá stjórn Kirkjugarðs Blönduóss
  7. Umsókn um rekstrarstyrk frá Samtökum um kvennaathvarf
  8. Fjárbeiðni fyrir Stígamót fyrir árið 2008
  9. Samráðsvettvangur minni sveitarfélaga
  10. Bréf frá Sagaz
  11. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands
  12. Önnur mál.
- 

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun 2008

Á bæjarstjórnarfundum 20. nóvember sl. var minnisblaði um tillögur til breytinga á framlagðri fjárhagsáætlun 2008 vísað til umræðu í bæjarráði.

Fram kom að tekjuhlíð fjárhagsáætlunar muni hækka um 11.000.000 vegna niðurfærslu eigin fjár á lánasjóði sveitarfélaga.

Fulltrúar D og Á lista leggja fram eftirfarandi tillögur:

Útgjöld til frístundakorta verði kr. 2.000.000 kr. á árinu 2008

Lagðar verða fram kr. 2.500.000 til atvinnumála.

Aðrar framkvæmdir kr. 2.500.000 samkvæmt nánari skilgreingingu bæjarráðs.

Laun bæjarstjórnar hækki um 3% eða kr. 200.000 í stað kr. 2.000.000.

Miðað við þessar tillögur hækkar tekjuafgangur fjárhagsáætlunar um kr. 5.800.000

Afgreiðslu vísað til annarrar umræðu í bæjarstjórn

2. Fundargerðir

- a. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. nóvember 2007

Lögð fram til kynningar

- b. Menningarráðs Norðurlands vestra 19. nóvember 2007

Lögð fram til kynningar

- c. Aðalfundar Brunavarna A-Hún 22. nóvember 2007

Lögð fram til kynningar

3. Guðmundur Haraldsson v/Árbakkans – kynning

Mættur er Guðmundur Haraldsson vegna Árbakkans og ræddi framtíðarhugmyndir um nýtingu á lóðinni.

4. Aukaaðalfundur Vilko sem haldinn verður 17. desember 2007

Bæjarráð sækir fundinn

5. Bréf frá iðnaðarráðuneyti vegna 3 fasa rafmagns

Tæknideild falið að vinna málið.



6. Bréf frá stjórn Kirkjugarðs Blönduóss  
Bæjarráð lítur jákvæðum augum á að taka þátt í jarðvegsskiptum við kirkjugarðinn. Tæknideild falið að skoða málið.
7. Umsókn um rekstrarstyrk frá Samtökum um kvennaathvarf  
Styrkumsókn hafnað
8. Fjarbeiðni fyrir Stígamót fyrir árið 2008  
Styrkumsókn hafnað
9. Samráðsvettvangur minni sveitarfélaga  
Bæjarstjóri sækir fundinn
10. Bréf frá Sagaz  
Bæjarráð hafnar þátttöku.
11. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands  
Lagt fram til kynningar.
12. Önnur mál  
Engin önnur mál

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 18:50*

*Héðinn Sigurðsson (sign.)*

*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)*

*Ágúst Þór Bragason (sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:*

*Valdimar Guðmannsson (sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*